

Svar

innviðaráðherra við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni um alþjóðlegar skuldbindingar og frumvarpsgerð.

1. *Hvaða verklagsreglur gilda við frumvarpsgerð í ráðuneytinu þegar ákvarðað er hvað eigi að koma fram í þeim kafla greinargerðar stjórnarfrumvarps er fjallar um samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar?*

Um umfjöllun um samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar í stjórnarfrumvörpum gildir samþykkt ríkisstjórnarinnar um undirbúning og frágang stjórnarfrumvarpa og þingsályktunartillagna, sbr. 10. gr. reglna um starfshætti ríkisstjórnar, nr. 791/2018. Að auki er fjallað um mat á samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar í Handbók um undirbúning og frágang lagafrumvarpa sem gefin var út af forsætisráðuneyti, dóms- og kirkjumálaráðuneyti og skrifstofu Alþingis í nóvember 2007. Á grundvelli samþykktarinnar og handbókarinnar gefur dómsmálaráðuneytið út leiðarvísi um undirbúning og vinnslu stjórnarfrumvarpa og er hann birtur á innri vef Stjórnarráðsins. Þá fer um undirbúning lagafrumvarpa um EES eftir reglum forsætisnefndar Alþingis um þinglega meðferð EES-mála.

2. *Hvernig metur ráðuneytið það hvort tilefni sé til þess að skoða tiltekinn alþjóðasamning í þeirri vinnu og þá hvort tilefni sé til þess að minnast á niðurstöður þeirrar skoðunar í greinargerð frumvarps?*

Í ljósi framangreindra leiðbeininga er gert ráð fyrir umfjöllun um þessi atriði í eyðublöðunum „Áform um lagasetningu“ og „Mat á áhrifum lagasetningar“, eftir því sem við á, sem skylt er að fylla út og eru almennt birt í samráðsgátt stjórnvalda í aðdraganda vinnu við stjórnarfrumvarp. Lagafrumvörp eru unnin á fagskrifstofum ráðuneytisins og leggja lögfræðingar ráðuneytisins alltaf mat á hvort og þá hvað eigi að koma fram í kaflanum um samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar með hliðsjón af efni frumvarps hverju sinni. Þá má geta þess að athugasemdir í samráðsgátt stjórnvalda, sem og annað samráð við haghafa, getur gefið tilefni til að skoða frekar samræmi frumvarps við alþjóðlegar skuldbindingar. Framangreint mat er einnig rýnt af skrifstofu löggjafarmála í dómsmálaráðuneytinu, sbr. 14. gr. samþykktar ríkisstjórnarinnar um undirbúning og frágang stjórnarfrumvarpa og þingsályktunartillagna.

3. *Hvernig er vinnulag ráðuneytisins varðandi hvort og þá hvernig það skoðar samræmi frumvarpa sinna við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem lagt er til að verði lögfestur á kjörtímabilinu, sbr. stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar?*

Vísað er til svars við 1. og 2. tölul. fyrirspurnarinnar varðandi almennt vinnulag við frumvarpsgerð hjá ráðuneytinu. Þá má jafnframt geta þess að samráð við haghafa í gegnum samráðsgátt stjórnvalda, svo sem ÖBÍ réttindasamtök og Þroskahjálp, getur leitt til enn frekari skoðunar á samræmi við alþjóðasamninga, til dæmis við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.